

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. desember 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

STOFNSKRÁ

um Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen. Heimili hans og varnarþing er hjá borgarstjóranum í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til einstaklinga eða hópa, stofnana eða félaga, eða veita verðlaun eða lán í sambandi við rannsóknir, tilraunir eða skylda starfsemi á sviði mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála, sem Gunnar Thoroddsen lét sérstaklega til sín taka sem borgarfulltrúi og borgarstjóri.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu borgarstjórans í Reykjavík. Hann ákveður úthlutun úr sjóðnum hverju sinni og hefur um það frjálssar hendur. Þó skal hann hafa samráð um úthlutun við Völu Ásgeirsdóttur Thoroddsen meðan hennar nýtur við, en eftir andlát hennar, eitthvert barna Gunnars meðan þeirra nýtur við.

4. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem borgarstjóra finnst tilefni til. Ekki má úthluta meiru en vaxtatekjum hans hverju sinni.

Höfuðstóllinn skal jafnan verðtryggtur. Úthlutun skal fara fram á eða sem næst afmælisdegi Gunnars Thoroddsen.

5. gr.

Eftir 50 ár frá stofnun sjóðsins má úthluta honum öllum í einu lagi eða fleiri hlutum. Skal sjóðurinn þá, eða svo fljótt sem auðið er þar á eftir tæmdur og lagður niður.

6. gr.

Ávallt skal borgarstjóri annast um að í fundargerðum borgarráðs verði getið úthlutana úr sjóðnum, fjárhæða og hverjir hlotið hafi og hvort hafi verið um styrk, verðlaun eða lán að ræða.

7. gr.

Sjóðurinn telst vera stofnaður á sjötugasta og fimmta fæðingardegi Gunnars Thoroddsen.

8. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf Bentu og Valgarðs Briem kr. 1 000 000,00 — ein milljón króna — sem greiðist í fernu lagi kr. 500 000,00 á stofndegi en eftirstöðvarnar í þrem greiðslum sama dag árin 1986—1988.

Aðrar tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og gjafir, sem honum kunna að berast.

9. gr.

Stefnt skal að því að gjafir til sjóðsins verði frádráttarbærar frá skatti skv. 36. gr. reglugerðar nr. 245 frá 1963.

10. gr.

Borgarstjórinn í Reykjavík er ábyrgur fyrir ávöxtun sjóðsins innan þeirra marka sem lög heimila hverju sinni. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega og lagðir fram í borgarráði.

11. gr.

Þegar starfsemi sjóðsins hættir, skulu eignir hans, hafi þeim ekki verið ráðstafað, renna til Borgarspítalans í Reykjavík.

12. gr.

Ákvæðum í 2. gr. um tilgang sjóðsins og ákvæðum 11. gr. um lokameðferð fjár hans má aldrei breyta.

19. desember 1985

REGLUGERÐ

Nr. 474

**um breyting á reglugerð nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda
o. fl. með síðari breytingum.**

1. gr.

a. og b. liðir 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 2000	46 016	3000—3199	61 814
2000—2199	48 649	3200—3399	64 447
2200—2399	51 282	3400—3599	67 080
2400—2599	53 915	3600—3799	69 713
2600—2799	56 548	3800—3999	72 346
2800—2999	59 181		

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 2000	59 821	3000—3199	80 358
2000—2199	63 244	3200—3399	83 781
2200—2399	66 667	3400—3599	87 204
2400—2599	70 090	3600—3799	90 627
2600—2799	73 512	3800—3999	94 050
2800—2999	76 936		

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79/1974 með síðari breytingum, öðlast gildi hinn 1. janúar 1986.

Fjármálaráðuneytið 19. desember 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.